



Hafnarfirði 25. janúar 2016

Magnús Baldursson sviðsstjóri / Skólanefnd

Á fræðslufundi STS – Samtaka tónlistarskólalastjóra sem haldinn var föstudaginn 15. janúar sl. hélt Kristján Ingi Kristjánsson lögreglufulltrúi, fyrirlestur undir heitinu *Kynferðisbrot og forvarnir* og Þorbjörg Sveinsdóttir sálfræðingur kynnti bók sína *Verndum þau* og svaraði fyrirspurnum.

Í fyrirlestri Kristjáns Inga komu fram margar afar fræðandi upplýsingar, sem að sama skapi voru mjög sláandi og vöktu upp margar spurningar m.a. um réttarstöðu kennara í kynferðisbrotamálum.

Kristján Ingi kom meðal annars inn á þá ófrávíkjanlegu reglu að nú er gerð krafa um að þeir sem sækja um starf með börnum og ungu fólki allt að 25 ára aldri þurfi nú að skila inn sérstöku sakavottorði áður en ráða má þá til starfsins.

Þann er hlotið hefur dóm eða ákæru fyrir kynferðislegt brot gegn börnum má aldrei ráða til slíkra starfa þótt áratugir séu liðnir frá brotinu.

Á kennarafundi í Tónlistarskólanum föstudaginn 22. janúar var meginefni fyrirlestra þeirra Kristjáns Inga og Þorbjargar kynnt fyrir keðnum skólans og rætt um alvarleika þess, fái kennari á sig ákæru vegna kynferðisbrots gegn nemanda. Miklar og heitar umræður urðu um þetta mál á kennarafundinum og þá veiku stöðu sem kennari í Tónlistarskólanum hefur, komi slíkt mál upp, þar sem hann er að jafnaði einn með nemanda í tíma og í stofu sem ekki er með glugga sem líta má inn í stofuna frá.

Þessi möguleiki að hægt sé, hvenær sem er, að líta inn í stofuna myndi líka auka öryggi nemandans og foreldra.

Kennarafundur haldinn í Tónlistarskóla Hafnarfjarðar föstudaginn 22. janúar 2016 ályktar svo:

Farið er þess á leit við bæjaryfirvöld að settir verði litlir gluggar á eða við hliðina á öllum hurðum inn í stofur skólans, sem geri öllum mögulegt að líta inn í kennslustofurnar meðan á kennslu stendur. Rétt er að benda á að umræða um mikilvægi þess að hafa slíka glugga á öllum kennslustofum hefur áður komið upp á kennarafundi.

Ályktun kennarafundarins er hér komið á framfæri með bréfi þessu og óskað er eftir skriflegu svari við afgreiðslu þessa máls.

Virðingarfyllt

Gunnar Gunnarsson, skólastjóri